

Íslandsbanki hf.: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa

Íslandsbanki hf. lauk í dag útboði á sértryggðum skuldabréfum. Heildareftirspurn í útboðinu var 10.880 m.kr.

Samþykkt tilboð í verðtryggða flokkinn ISB CBI 29 voru samtals 8.020 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 2,60%. Heildartilboð voru 8.020 m.kr., en útboðið fór fram á föstum kjörum.

Samþykkt tilboð í óverðtryggða flokkinn ISB CBF 27 voru samtals 620 m.kr. á 1 mánaða REIBOR + 0,40%. Heildartilboð voru 920m.kr. á kröfubílinu REIBOR + 0,40% til REIBOR + 0,45%. Seld verða áður útgefin bréf í eigu bankans.

Samþykkt tilboð í óverðtryggða flokkinn ISB CB 27 voru samtals 300 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 9,06%. Heildartilboð voru 1.940 m.kr. á bílinu 9,05% til 9,22%. Seld verða áður útgefin bréf í eigu bankans.

Í tengslum við útboðið bauðst eigendum flokksins ISB CB 23 að selja bréf í flokknum gegn kaupum á skuldabréfum í ofangreindu útboði. Hreint verð á flokknum var fyrirfram ákveðið sem 99,7905. Bankinn kaupir til baka 7.700 m.kr. að nafnvirði í flokknum.

Tengiliðir

Fjárfestatengsl - ir@islandsbanki.is

Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er athliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaeyningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavini sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánsþæfismatið BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa](#)